

FISK Seafood ehf
Háeyri 1
550 Sauðárkrókur

Akureyri, 15. nóvember 2021
UST202103-047/G.S.Á.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit 2021 - Fisk Seafood, Hólum í Hjaltadal - þann 19.10.2021

Þann 19. október sl. fór fram eftirlit í fiskeldisstöð Fisk Seafood, Hólum í Hjaltadal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

Rekstraraðili hefur ákveðið að hætta starfsemi í fiskeldi og þar með loka stöðinni. Ekki verður óskað eftir niðurfellingu starfsleyfis þar sem markmiðið er að selja stöðina ásamt rekstrinum. Minnt er á að þó svo starfsemi sé ekki í stöðinni þá fellur hún enn undir eftirlitsskyldu Umhverfisstofnunar á meðan starfsleyfið er í gildi ásamt því að rekstraraðila ber að framfylgja ákvæðum starfsleyfis s.s. um sýnatökur úr frárennsli, skil á ársyfirliti og grænu bókhaldi skv. 4. kafla starfsleyfisins.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur